HERMIVIKA
í HEILBRIGÐIS-
ÞJÓNUSTU
2019

**16.–19. september**

## KOMDU OG SJÁÐU!

# KYNNING Á ÖRK-FÆRNISETRI Á LANDSPÍTALA Í ALÞJÓÐLEGRI HERMIVIKU Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Landspítali tekur þátt í alþjóðlegri hermiviku í heilbrigðisþjónustu 16.- 20. september 2019 sem hefur þann tilgang að vekja athygli á hermiþjálfun til að auka öryggi, skilvirkni og árangur í heilbrigðisþjónustu.

Í kynningarvikunni býður Landspítali áhugasömum, lærðum og leikum, að koma í nýja hermisetrið Örk til að kynna sér mikilvægi hermiþjálfunar fyrir öryggi sjúklinga.

**Verið velkomin í Örk, Skaftahlíð 24, suðurhús,
kl. 12:00- 13:00, mánudag 16. til fimmtudags 19. september**

Við hermiþjálfun í heilbrigðisþjónustu er fjölbreyttum kennsluaðferðum beitt til að líkja eftir aðstæðum á vettvangi svo nemendur og starfsfólk geti æft samvinnu, viðbrögð og tækni í öruggu umhverfi. Stundum eru notaðar sýndarsjúklingar í stað lifandi fólks, í sumum tilvikum er hermiþjálfun sett í stærra samhengi, t.d. hermt eftir stórslysi í kjölfar náttúruhamfara. Allt til að auka öryggi sjúklinga með því að efla færni starfsfólks.

Sérfræðingar Landspítala úr öllum heilbrigðisgreinum kenna í Örk-hermisetri., tæknimenntað fólk og kennarar sem hafa sérhæft sig í hermiþjálfun.

